



## Gengi krónunnar nokkurn veginn óbreytt í október

Íslenska krónan styrktist á móti evrunni og Bandaríkjadal en veiktist á móti breska pundinu í október. Gengisvísitalan var nokkurn veginn óbreytt í mánuðinum. SÍ greip inn í markaðinn tvo daga í október og keypti evrur.

Íslenska krónan styrktist á móti evrunni og Bandaríkjadal í október, en veiktist á móti breska pundinu, norsku krónunni, sænsku krónunni og svissneska frankanum. Gengisvísitalan var nokkurn veginn óbreytt í mánuðinum.


Í lok október stóð evran í 149,8 krónum samanborið við 150,9 í lok september. Innan mánaðarins fór evran lægst í 148 krónur.

Velta á gjaldeyrismarkaði var 24,1 ma.kr. (161 m.evra) í október og dróst saman um 45% milli mánaða. Af 21 viðskiptadögum voru 3 sem engin velta var. Hlutdeild SÍ var 1,3 ma.kr. (6% af heildarveltu).

SÍ greip inn í markaðinn tvo daga í október: mánudaginn 4. október keypti hann 6 m. evra og þriðjudaginn 5. október keypti hann 3 m.evra. Alls keypti Seðlabankinn evrur fyrir 1,3 ma.kr. í mánuðinum.

	30.10.2021	YTD	1M	3M	12M
GVT	197,6	-1,4%	-0,1%	3,5%	-6,8%
EUR	149,8	-4,0%	-0,7%	2,2%	-8,8%
USD	128,7	1,1%	-1,3%	4,3%	-8,5%
GBP	177,3	2,2%	1,1%	3,0%	-2,8%
DKK	20,1	-4,0%	-0,8%	2,2%	-8,7%
NOK	15,4	2,9%	3,4%	9,4%	3,7%
SEK	15,1	-3,2%	1,6%	4,8%	-4,9%
CHF	141,2	-2,2%	1,3%	3,7%	-8,1%
JPY	1,13	-8,4%	-2,9%	0,5%	-15,9%


Heimild: Kodiak



Heimild: Macrobond




Það sem af er ári hefur krónan styrkst gagnvart evrunni, en veikst gagnvart Bandaríkjadal og breska pundinu.




Heimild: Macrobond


Velta á gjaldeyrismarkaði var 24,1 ma.kr. (161 m.evra) í október. Hlutdeild SÍ var 1,3 ma.kr. (6% af heildarveltu).



SÍ greip inn í markaðinn tvo daga í október. Báða dagana keypti bankinn evrur.




Heimild: Macrobond




Heimild: Macrobond

Vergur gjaldeyrisforði var 920 ma.kr. (6,2 ma.evrur) í lok september.



Heimild: Macrobond


Flökt krónunnar á móti evrunni minnkaði í október.



Heimild: Macrobond




108.300 erlendirir gestir fóru um Leifstöð í september.




Heimild: Macrobond

Greiðslukortajöfnuður var jákvæður um 4,0 ma.kr. í september.




Heimild: Macrobond

Raugengi miðað við verðlag var 7,6% hærra í október en í sama mánuði 2020 og nafngengið var 6,3% sterkara.



Heimild: Macrobond

Framlag innlendrar verðbólgu til ársbreytingar á raugengi var 3,0% til hækkunar en framlag alþjóðlegrar verðbólgu var 1,7% til lækkunar.



Heimild: Macrobond

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef